



Styrkur til nemanda í vélaverkfræði við HÍ

Námsstyrkur Godtfreds Vestergaard
og Elínar Brynjólfsdóttur

Auglýst er eftir umsóknum um námsstyrk Godtfreds Vestergaard og Elínar Brynjólfsdóttur.

Megintilgangur og markmið styrksins er að styrkja nemendur sem hafa a.m.k. lokið tveimur árum í grunnnámi í vélaverkfræði, til að stunda nám utan Íslands, gjarnan í Danmörku, og auka þannig við þekkingu sína og reynslu.

Nemendur geta sótt um styrk til skiptináms í grunn- eða framhaldsnámi við erlendan háskóla/danskan háskóla eða notið starfsþjálfunar í eitt misseri/sumar í fyrirtæki Godtfreds, Vestergaard Company A/S, til að kynna sér þá starfsemi og þekkingu sem þar er að finna. Nemendur sem vinna að verkefnum/rannsóknnum sem tengjast starfssviði Vestergaard Company A/S munu ganga fyrir.

Séfræðiþekking Godtfreds er á sviði vélaverkfræði og fagsvið hans er þróun ýmissa tækja og véla og sala þeirra um víða veröld. Fyrirtæki Godtfreds, Vestergaard Company A/S, hefur m.a. framleitt vökvaprystibúnað fyrir byggingariðnað en sérhæfir sig nú á sviði þróunar og framleiðslu tækja til afsingar flugvéla.

Umsóknarfrestur er til 22. mars 2010.

Um er að ræða staka úthlutun og heildarstyrkupp hæð getur verið allt að kr. 1.000.000.

Í umsókninni þurfa eftirtalin atriði að koma fram:

1. **Nafn umsækjanda, kennitala, heimilisfang, sími og virkt netfang.**
2. **Námsferill umsækjanda.**
3. **Upplýsingar um markmið námsdvalar.**
4. **Meðmæli/nöfn og símanúmer meðmælenda.**
5. **Áætlun um námsframvindu.**

Hámarks lengd umsóknar er þrjár síður. Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál. Úthlutunarnefnd, skipuð af rektor HÍ, áskilur sér rétt til að veita fleiri en einum umsækjanda styrk, hafna öllum og/eða úthluta með öðrum hætti. Gert er ráð fyrir að styrkhafar geri grein fyrir hvernig styrkurinn nýtist að lokinni námsdöl erlendis og leggi fram stutta greinargerð þess efnis til úthlutunarnefndar og gefanda styrksins, Godtfreds Vestergaard. Umsóknum skal skila til umsónarmanns Styrktarsjóða Háskóla Íslands, netfang: sjodir@hi.is. Áætlað er að úthlutun fari fram 20. maí 2010.

Frekari upplýsingar um styrkveitingar og úthlutun er að finna á heimasíðu Háskóla Íslands, www.hi.is, og einnig hjá Helgu Brá Árnadóttur, verkefnisstjóra styrktarsjóða og hollvina, helgab@hi.is, sími 525 5894 og/eða Inga Rafni Ólafssyni, markaðs- og kynningarstjóra



HÁSKÓLI ÍSLANDS
STYRKTARSJÓÐIR